



## TREC – ný keppnisgrein fyrir hinn almenna hestamann?

(Equestrian Trail Riding Techniques Competition)

Á vormánuðum 2012 kallaði formaður LH saman 4 manna starfshóp; Vilhjálm Skúlason, Önnu Valdimarsdóttir, Jens Einarsson og Bjarnleif Bjarnleifsson til að kanna þann möguleika að auka fjölbreytni hestaþróttagreina og fjölga iðkendum hestaþróttá með því að taka upp keppni í TREC hér á landi.

En TREC keppnin er mjög vinsælt keppnisform meðal frístundahestamanna (ferðahestamanna) víða um heim og hentar sérstaklega ákveðnum hópi fólks í hestamenskunni, svokölluðum frístundahestamönnum, sem vilja taka þátt í annars konar keppni en hinum hefbundnu greinum hestaþróttá; hringvallagreinum og skeiðkappreiðum. Til að taka þátt í TREC keppni þarf ekki eins getumikinn hest; hágengan og flinkan á gangtegundum.

TREC keppnin samanstendur í meginatriðum af tveimur þáttum:

- Í fyrsta lagi allt að 35 kílómetra víðavangshlaupi, sem er ratleikur og þolreið þar sem reynir á ratvísi og útsjónasemi knapans.
- Og í öðru lagi þrautarkeppni þar sem hver keppandi leysir þrautir svo sem að hleypa yfir hindrun, teyma hest fram af bakka, ríða yfir vatshindun eða læk, í gegn um hlið, teyma upp á kerru. Á fjóra tug mismunandi þrauta eru teiknaðar inn í reglur um TREC keppnina.

TREC keppnin líkir í raun eftir mögulegum verkefnum sem mæta hestamönnum, í þeirra daglegu útreiðatúrum og á lengri hestaferðalögum.

Forsögu málsins má rekja aftur til 2008 þegar Landsliðsnefnd LH bauðst að senda sveit íslenskra keppenda til þátttöku í TREC heimsmeistaramótinu sem var haldið í einu stræsta og glæsilegasta keppnisvæði fyrir hesta í Frakklandi (LaMotte Beuvron). Fjögur ungmenni; Margrét Freyja Sigurðardóttir, Helga Una Björnsdóttir, Steinn Haukur Hauksson og Guðbjartur Þór Stefánsson fóru til Frakklands undir handleiðslu Önnu Valdimarsdóttur. Fengu þau nokkra daga til að undirbúa sig, tóku síðan þátt í keppninni og stóðu sig með mikilli þrífni.

TREC starfshópurinn, sem hefur hist á nokkrum vinnufundum í haust og er sammála um að þetta halda þurfi undirbúningi áfram á breiðari grundvelli.

Stjórn LH hefur nú þegar samþykkt tillögur starfshópsins um að:

1. Að undirbúningsvinnu verði haldið áfram með það fyrir augum að LH taki upp til reynslu TREC keppnina (að hluta eða öllu leiti) og útvegi hestamannafélögunum regluumhverfi á íslensku (keppnisreglur, lýsingar á þrautum, leiðbeiningar fyrir dómara o.sv. frv.).
2. að mannvirkjanefnd LH komi undirbúningsvinnunni, fara yfir staðla og meti hvernig hagkvæmast yrði staðið að uppbyggingu þrauta, varanlegra eða til bráðabyrgða, eins og þeim er lýst í keppnisreglum TREC.
3. að óskað verði eftir samvinnu við hestamannafélögin um framhald á undirbúningsvinnu við innleiðingu á TREC keppninni og tilnefningu fulltrúa þeirra í starfshópinn.

**Eru forráðamenn þeirra hestamannafélaga sem hafa áhuga á að koma að undirbúningi eru beðnir um að hafa samband við Vilhjálm Skúlason í síma 8920018 eða senda tölvupóst á [vilhjalmur@rg.is](mailto:vilhjalmur@rg.is)**

*„Heimsmeistaramótið í TREC keppni heyrir undir FITE sem eru heimssamtök 19 þjóða: Þýskaland, Austurríki, Luxembourg, Frakkland, Svíþjóð, England, Canada, USA, Holland, Spánn, Ítalía, Írland, Rússland, Portúgal, Alsír, Andorra, Rúmenía, Belgía, Sviss. TREC. Evrópu og heimsmeistaramót fullorðina (21 ára og eldri) eru haldin á 4 ára fresti. Evrópu og heimsmeistaramót ungmenna (16 – 21 árs) er haldið með tveggja ára fresti. „Heimsmeistaramótið í TREC 2012 var haldið í Mafra - Portúgal 7. – 10 september 2012. 14 þjóðir sendu lið og voru keppendur 114 talsins. Frakkar fengu gull í flokki fullorðina - Portúgalir í unglingsflokki.“*





**INTERNATIONAL TREC RULES  
PTV SCORE SHEET  
2 - BANK**



**INTERNATIONAL TREC RULES  
PTV DATA SHEET  
2 - BANK**

BANK Number				
STEWARD				
Rider No.	E +	S -	P =	TOTAL
<b>MARKING SCHEME E + S - P</b>				
	<b>Effectiveness E</b>	<b>Style S</b>	<b>Penalty P</b>	
Correct	7	* very good + 3	Brutality	- 3
1 fault	4	* good + 2	Dangerous riding	- 3
2 faults	1	* quite good + 1	Fall	0
3 faults	0	* average 0	Foot outside	0
		* mediocre - 1		
		* bad - 2		
A mark of 0 for effectiveness or as a penalty leads to a overall mark of 0				

PTV	<b><u>BANK</u></b>	OBSTACLE DATA SHEET
-----	--------------------	---------------------

**FEATURES**

- Regular ground
- Slopes: approx. 30° to 45°
- Length: 5 to 6 m for each of the slopes
- Front width: 2 to 4 m wide

**EQUIPMENT**

- 3 red flags
- 3 white flags
- 1 number
- Markers for the obstacle route

**OBJECTIVES**

Showing the horse's correct balance and the correct posture of the rider whilst keeping to the initially chosen gait.

**EFFECTIVENESS FAULTS**

- Break in forward motion, change of gait
- Running out
- Stepping back
- Refusal
- Circling

**STYLE FAULTS**

- Irregular forward motion
- Incorrect rider position, not over the stirrups and light
- Horse or rider losing balance between the two slopes
- Incorrect rider aids
- Horse moving sideways

**PENALTIES**

- Brutality
- Fall of the horse or rider
- Dangerous riding
- Foot outside the obstacle route

Kynning fyrir 58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga.

Hér fyrir neðan má sjá dæmi um nokkrar TREC þrautir:



